



Garðabær
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags	08.11.2017
Málalýkill	08.31
Mál nr.	1711080

Reykjavík 6. nóvember 2017
UST201710-081/M.I.K.
08.14.00

Efni: Upplýsingagjöf sveitarstjórna við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Umhverfisstofnun vekur athygli á breytingu sem gerð var á 6. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, en greinin fjallar um svæðisáætlanir sveitarstjórna um meðhöndlun úrgangs. Breytingin tók gildi 1. júní 2017 og fólst í að svohljóðandi málsgrein var felld inn í löginn:

„Sveitarstjórn skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til.“

Megintilgangur lagabreytingarinnar er að tryggja að Ísland uppfylli skyldur sínar gagnvart EES-samningnum hvað varðar áætlanir um meðhöndlun úrgangs, m.a. um umfang þeirra og hvort þær uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að safna þessum upplýsingum frá sveitarstjórnunum og senda þær áfram til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Það form sem Umhverfisstofnun leggur sveitarstjórnunum til fyrir skil á upplýsingunum er rafrænt eyðublað sem fyllt er út í Þjónustugátt stofnunarinnar. Þjónustugáttina og leiðbeiningar um innskráningu má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is. Mikilvægt er að fylla eyðublaðið út eins ítarlega og mögulegt er þegar ný svæðisáætlun er gefin út eða hún endurskoðuð með veigamiklum hætti.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur B. Ingvarsson (sími: 591 2000; netfang: gbi@ust.is).

Virðingarfyllt

Snnjólaug Tinna Hansdóttir
Snnjólaug Tinna Hansdóttir
sérfræðingur

Guðmundur B. Ingvarsson
Guðmundur B. Ingvarsson
sérfræðingur